

3. Gjaldskrárliður 32.

- a. Gjaldskýlt afl síldar- og fiskimjölsverksmiðja og til hliðstæðra nota er meðaltal tveggja hæstu álestra, en álestrar fara fram í byrjun hvers mánaðar.
- b. Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs til annarra notenda, er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fara fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærri verð fyrir raforkuna meðan fasviksstuðullinn er undir 0,8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum um skemmri eða lengri tíma, eftir aðstæðum hverju sinni.

Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð á dísilolíu í Reykjavík, kr. 2575.00 á tonn. Hitaverð lækki eða hækki hver kwst. um 2,4 auru á gjaldskrárlið 41 og 1 eyri á lið 42 fyrir hverjar fullar 65 krónur, sem oliutonnið hækkar eða lækkar.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis, samkvæmt ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Í öllum framangreindum tölum er 7,5% söluskattur innifalinn.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 181 11. ágúst 1966.

Atvinnuáráðuneytið, 28. desember 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um iðgjald atvinnurekenda til atvinnuleysistryggingasjóðs.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 4/1959 verður iðgjald atvinnurekenda til atvinnuleysistryggingasjóðs árið 1968, kr. 20.10 á vinnuviku.

Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.